




RANNSÓKN SILFURSJÓÐSINS FRÁ MIÐHÚSUM
GREINARGERÐ



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
Helgi Þorláksson Lilja Árnadóttir júní 1995

Rannsókn silfursjóðsins frá Miðhúsum

Nýtt þjóðminjaráð fær sjóðsmálið til umfjöllunar

Á fundi sínum 29. september 1994 fól þjóðminjaráð okkur undirrituðum, Helga Þorlákssyni sagnfræðingi, sem situr í ráðinu, og Lilju Árnadóttur safnstjóra, að hafa umsjón með frekari rannsókn á silfursjóðnum sem kenndur er við Miðhús. Lilju var falin stjórn verksins og Helga "að vera fulltrúi ráðsins sem fjallaði um málið með safnstjóra".¹

Tilkynnt var um það til Þjóðminjasafns 31. ágúst árið 1980 að fundist hefði silfursjóður á Miðhúsum í Egilsstaðahreppi í Suður-Múlasýslu og var niðurstaða rannsóknar að hann væri frá 10. öld.² Vegna rökstuddra grunsemda um að sjóðurinn, eða amk. hluti hans, væri yngri en talið hafði verið, óskaði menntamálaráðuneyti eftir því við ráðið í bréfi, dagsettu 12. september 1994, að það hlutaðist til um frekari rannsóknir sem miðuðu að því að fá "eins örugga vitneskju og kostur er á um aldur silfursjóðsins".

Tildrög málsins eru þau að einn af starfsmönnum Þjóðminjasafns, Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, hreyfði því á árinu 1993 að líkur væru á að sjóðurinn, eða hluti hans, væri nútímasmíð. Guðmundur Magnússon, settur þjóðminjavörður, bar málið undir prófessor James Graham-Campbell við Institute of Archaeology, University College London.³ Hann dvaldist á Íslandi dagana 30. maí til 5. júní 1994, í boði Þjóðminjasafns, við rannsóknir á sjóðnum. Meginniðurstaða hans var þessi:

As a result of these studies, it is my opinion that some part of the Miðhús hoard is of recent manufacture, although its greater part is of Viking-age date (from the 10th century).

Hann segir enn fremur í skýrslu sinni að vísbendingar séu um að "a deliberate deception has been performed on the National Museum". Sjóðurinn er 653,5 g og telur hann að af þessu séu 306,84 g "modern "Viking-style" silver ornaments". Hann ráðleggur að "further silver analyses should be undertaken as a check ...".⁴

Þáverandi formaður þjóðminjaráðs, Ólafur Ásgeirsson, tók undir þá ábendingu Graham-Campbells að Susan Kruse, King's College í Lundúnum, yrði fengin til að annast frekari rannsókn.⁵ Í bréfi

¹ Sbr. fundargerð 67. fundar, 5. lið = fg. 67.5. Sé ekki annars getið, er gögn, sem vísað er til, að finna á Þjóðminjasafni.

² Sbr. Þór Magnússon, Silfursjóður frá Miðhúsum í Egilsstaðahreppi. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1980*, bls. 5-20.

³ Sbr. bréf formanns þjóðminjaráðs, Ólafs Ásgeirssonar, til menntamálaráðuneytis, dags. 22. júní 1994.

⁴ James Graham-Campbell, *Report on the Miðhús (1980) Silver Hoard, Iceland*. Undirrituð skýrsla, dags. (11. júní 1994).

⁵ Tilv. bréf 22. júní.

menntamálaráðuneytis segir að það taki ekki afstöðu til þessarar tillögu en bætt er við:

Ráðuneytið telur þó koma til álita að leita til sérfræðinga á Norðurlöndum, þar sem sjóðir af þessu tagi hafa verið ítarlega rannsakaðir.⁶

Nýtt þjóðminjaráð kom saman til síns fyrsta fundar 7. september 1994 og kynnti sér silfursjóðsmálið. Á næsta fundi ráðsins, 29. september, var bréf ráðuneytis frá 12. sama mánaðar tekið fyrir og var samþykkt í ráðinu, að tillögu Sturlu Böðvarssonar formanns, að leita til opinberrar stofnunar á Norðurlöndum um frekari rannsókn (fg. 67.5). Á þessum fundi ráðsins bar danska þjóðminjasafnið á góma og var á ráðsliðum að heyra að þeim þætti almennt álitlegt að eiga samstarf við það í þessu máli.

Samstarf tekst við danska þjóðminjasafnið

Okkur undirrituðum leist vel á að snúa okkur til danska þjóðminjasafnins, ma. vegna almennt góðrar, faglegrar þekkingar á þeim bæ og ágætrar þekkingar danska þjóðminjavarðarins, Olafs Olsens, á íslenskum kringumstæðum.

Á fundi ráðsins 29. september var lögð fram skýrsla Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar þar sem segir ma. um frekari rannsókn:

Kanna þarf með efnagreiningum, hvort málmurinn er að einhverju marki frábrugðinn öðru silfri, sem finnst yfirleitt í víkingaaldarsjóðum.

Kanna þarf, hvort einhverjir þeir málmar séu í silfrinu, sem óþekktir voru á víkingaöld.

Kanna þarf, hvort einhverjir hlutir séu til í víkingaaldarsjóðum erlendis með sama útliti eða stíl og það silfur sem grunsamlegt þykir, eða ganga úr skugga um, hvort stíll þess sé mjög frábrugðinn öðru á þeim tíma.

Kanna þarf, hvort eitthvað sé í silfursjóðum erlendis af einstæðum gripum, sem ekki eigi sér hliðstæður annars staðar í sjóðum og kanna hvernig menn hafa metið þá gripi, hvort þeir teljist á einhvern hátt grunsamlegir.

Kanna þarf, hvort einhver þau smíðamerki séu á silfrinu, sem bendi ótvírætt til nútímaáhalda við gerð þess, áhalda sem ekki voru notuð eða þekkt á víkingaöld.⁷

Þessar ábendingar tókum við allar upp í danskri þýðingu í bréfi sem við rituðum danska þjóðminjaverðinum 17. október og sendum með því sérprent af grein Þórs Magnússonar í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1980* og skýrslu James Graham-Campbells um rannsókn hans á sjóðnum.⁸

⁶ Tilv. bréf 12. september.

⁷ *Greinargerð um silfursjóðinn frá Miðhúsum*. Án dagsetningar og undirritunar.

⁸ Bréf Helga Þorlákssonar og Lilju Árnadóttur til Olafs Olsens, dags. 17. október 1994. Sjá fskj. 1.

Símbréf kom frá danska Þjóðminjasafninu, dagsett 10. nóvember 1994, sem undirritað er af Lars Jørgensen safnverði í nafni Þjóðminjavarðar. Kemur fram þar að safnið tekur að sér rannsóknina.

Annað bréf barst frá sama manni, dagsett 17. nóvember 1994. Þar er lagt til að rannsakað verði hvaða málmblanda ("legering") og snefilefni ("sporstoffer") séu í sjóðsmunum og borið saman við danska og norska háls- og armauga frá víkingatíma og gripi með nútímastilfringsilfri (verði gert með "röntgenfluorosensanalyser", á ensku XRF). Ennfremur að könnuð verði smíðamerki á sömu gripum og smíðatækni með smásjárathugunum. Loks verði Birgitta Hárdh frá Lundi fengin til að rannsaka gripina með Lars Jørgensen. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 17.800 danskar krónur.⁹

Annan dag desembermánaðar 1994 flutti Lilja Árnadóttir silfursjóðinn til Kaupmannahafnar.

Jarðvegssýni og bein frá Miðhúsum

Strax í grein sinni frá 1980 vakti Þór Magnússon athygli á því hversu skínandi fagurt silfrið í sjóðnum væri og taldi skýringu geta verið þá að það lá í fokmold sem er tiltölulega laus við sýrur (bls. 16). Í greinargerð sinni frá september 1994 segir hann, "Hafi silfrinu verið komið fyrir upphaflega í umbúðum, eins og líkur virtust geta bent til, hefur mold líklegast ekki legið þétt að því framan af" (bls. 5). Við töldum eðlilegt að taka jarðvegssýni á Miðhúsum vegna umræðu um óeðlilega mikinn gljáa silfursins ef vera mætti að í ljós kæmi að jarðvegurinn væri á einhvern hátt óvenjulegur. Guðrún Kristinsdóttir, minjavörður við Safnastofnun Austurlands, tók að sér verkið og samdi um það stutta skýrslu, dagsetta 15. nóvember 1994; með fylgja tveir uppdrættir.¹⁰ Tvö jarðvegssýni eru tekin þar sem silfrið fannst, annað á um 40 sm dýpi, á mótum moldarlags og uppfyllingar, en hitt skóflustungu neðar, þar sem var óhreyfð mold.

Þriðja jarðvegssýnið er tekið rétt við hellulagða stétt en þar undir sem hún var lögð síðar fannst haustið 1980, nokkru eftir silfurfundinn, steinaröð með brunagjalli og beinum, líklega eldstæði. Þetta er um 2,5-3 m frá fundarstað silfursins, að sögn Eddu Kr. Björnsdóttur og Hlyns Halldórssonar sem verið hafa ábúendur á Miðhúsum allt frá því að silfrið fannst. Ekki var tilkynnt um þennan fund til Þjóðminjasafns og um hann spurðist ekki þangað fyrr en farið var að inna ábúendur að nýju eftir kringumstæðum við silfurfundinn.¹¹ Þau Edda og Hlynur sendu þrjú beinabrot til safnsins í mars 1994 sem upp komu, að sögn þeirra, á fundarstað hins ætlaða eldstæðis, haustið 1980, og þau segja að

⁹ Bréf Lars Jørgensens til Lilju Árnadóttur og Helga Þorlákssonar, dags. 17. nóvember 1994. Sjá fskj. 2.

¹⁰ Skýrslan nefnist *Vegna jarðvegssýna frá Miðhúsum*. Undir stendur "15. nóv. '94. G.K."

¹¹ Sbr. bréf Eddu Björnsdóttur og Hlyns Halldórssonar til Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar, dags. 15. febrúar 1994.

verið hafi í fórum þeirra síðan (skráð á Þjóðminjasafni 26. mars 1994).¹²

Sjóðurinn og aðrar minjar og gögn flutt utan

Lilja Árnadóttir flutti með sér sjóðinn til Hafnar 2. desember, sem fyrr sagði. Jafnframt hafði hún meðferðis og hugðist afhenda (a) ljósrit af ljósmyndum af hverjum grip sem var tölusettur í samræmi við skráningu þá sem fram kemur í fyrrnefndri grein Þórs Magnússonar í *Árbókinni*, (b) tíu sýni sem tekin höfðu verið af hlutum úr sjóðnum við könnun hans hérlendis og skýrslu Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar þar sem greint er frá könnun sýnanna¹³, (c) svonefndar "trefjaleifar" eða "tægjur" sem fundust með silfrinu og Þór Magnússon minnst á í grein sinni í *Árbókinni* (bls. 7-8) og segir að kunnir að hafa verið umbúðir silfursins, (d) áðurnefnd jarðvegssýni og (e) áðurnefnd þrjú beinabrot sem eiga að hafa fundist á Miðhúsum haustið 1980, eftir að silfrið fannst.

Í Höfn átti Lilja fund með Lars Jørgensen um silfursjóðsmálið og gerði honum grein fyrir framvindu þess. Hún lagði áherslu á að rannsóknin yrði unnin eins vel og kostur væri. Þau fóru vandlega yfir atriðin sem fram koma í áðurnefndu bréfi undirritaðra til Þjóðminjavarðar Dana. Í Höfn vakti Lilja sérstaklega máls á hinum sérkennilega gljáa silfursins og hvort hugsanlegt væri að það hefði verið meðhöndlað með einhverjum efnum eða rafstraumi eða á einhvern annan sérstakan hátt eða hvort varðveisluskilyrði þess hefðu verið að einhverju leyti einstök. Í því sambandi bar á góma jarðvegssýnin og taldi Jørgensen ekki ástæðu til að efnagreina þau, að svo komnu, svo að Lilja hafði þau með sér aftur til Íslands. Sjóðinn og aðrar ofangreindar minjar og gögn skildi hún eftir í vörslu Jørgensens.¹⁴

Í samtali sínu við Jørgensen benti Lilja sérstaklega á að þær litlu leifar beina og "trefja" sem hún hefði meðferðis væru þær einu sem til væru af því tagi í tengslum við silfursjóðinn; það mætti því ekki eyða þeim og kæmi til aldurgreiningar kolefnis, yrði að beita AMS-aðferð; hún hefur í för með sér að aðeins fáein grömm efnis eru notuð við greininguna.

¹² Í dagbókarbrotum sínum frá 3. september 1980 nefnir Þór Magnússon að bæjarhrafnar hafi haldið sig mikið við húshornið þar sem silfrið kom í ljós, dagana áður en það fannst (bls. 41 í frásögn sem nefnist Silfurfundurinn frá Miðhúsum). Hafa ýmsir velt fyrir sér hvort hrafnarnir hafi tekið eitthvert silfur og flutt í hreiður sitt í bæjargilinu. Lilja spurði Hlyn Halldórsson á Miðhúsum að þessu 21. júní 1995; hann kvaðst hafa kannað þetta ári seinna, þá hafi hreiðrið verið horfið og ekkert silfur verið að finna.

¹³ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, *Skýrsla um rannsóknir og athuganir á silfursjóðnum frá Miðhúsum áður en dr. James Graham-Campbell rannsakaði hann stílfræðilega á Þjóðminjasafni*. Lokið 8. júlí 1994. (Um dagsetningu sjá bls. 17).

¹⁴ Sbr. kvittun Jørgensens; þar kemur fram að vantar mun þann sem Þór Magnússon hefur gefið töluna 29; að sögn Þórs var þetta grönn og undin stöng, 0,93 g (sbr. *Árbók*) og var horfin þegar árið 1985 eins og hann segir koma fram í áritun sinni 28. nóvember 1985 á eintak Þjms. af *Árbók 1980*. Hann kann enga skýringu á þessu hvarfi.

Könnun á sögusögnum um silfurtapa á Miðhúsum nálægt aldamótum
Mikil umræða varð í fjölmiðlum í september 1980 um Miðhúsasilfrið og kom þá fram sú ábending í *Vísir* 13. dag mánaðarins að etv. væri komið í leitirnar silfur sem Jónína Jónsdóttir hefði tapað á Fjarðarheiði nálægt aldamótum 1900.¹⁵ Þegar sjóðsmálið komst aftur á dagskrá fjölmiðla sumarið 1994, var bent á hið sama að nýju í DV og jafnframt var Þjóðminjavörður, Þór Magnússon, gagnrýndur í grein í Morgunblaðinu fyrir að hafa ekki kannað málið.¹⁶

Okkur fannst ástæða til að kanna þetta sérstaklega, bæði af því að við vildum bjarga vitneskju frá glötun og þótti ekki ólíklegt að sagan yrði rifjuð upp enn og aftur þegar niðurstöður af rannsóknum sjóðsins bærust frá Danmörku.

Það var Matthea Einarasdóttir Long sem vakti fyrst máls á þeim möguleika í *Vísir* 1980 að Miðhúsasilfrið væri ættarsilfur. Matthea dó 1985 en DV ræddi sumarið 1994 við Guðjón E. Long, bróður hennar, og börn hennar, Einar Þórarinsson og Guðnýju Þórarinsdóttur.

Við undirrituð fórum á fund Guðjóns og Helgi ræddi við Guðnýju í síma.¹⁷ Málið snýst um móður þeirra Guðjóns og Mattheu sem hét Jónína Guðlaug Jónsdóttir; hún fæddist í Ássókn árið 1873 (í Fellum) og var vinnukona á bæjum í sókninni árin 1896-7.¹⁸ Hún fór síðan til dvalar á Seyðisfirði, að sögn Guðnýjar, og fluttist þangað alfarin til að búa þar með manni sínum, Einari (Páli Jóhannssyni) Long. Í þessum flutningum týndi Jónína silfri á Miðhúsum, að sögn afkomenda hennar, en erfitt reynist að finna út nákvæmlega hvenær þetta á að hafa gerst. Jónína giftist árið 1899 (manntal 1901) og einhvern tíma um það bil týndist silfrið, að mati Guðnýjar, eða ekki fyrr en elstu dætur hennar voru fæddar, að mati Guðjóns. Þær fæddust árin 1899 og 1900 (manntal 1901). Jónína flutti silfrið frá Staffelli í Fellum og ætlaði með það til Seyðisfjarðar; rökrétt virðist að álykta að hún hafi týnt silfrinu þegar hún var að flytja reytur sínar og djásn í tengslum við giftingu sína og stofnun heimilis. Samkvæmt manntali 1901 fluttist Jónína til Seyðisfjarðar árið 1899. Silfrið ætti helst að hafa týnst þetta ár eða að öðrum kosti á árinu 1900 eða 1901.

Allrækilega var leitað í skriflegum heimildum að vitneskju um silfrið sem á að hafa horfið á Miðhúsum en ekkert var neins staðar að finna um það. (Sjá nánar um þetta í Viðhengi).

¹⁵ *Vísir* 13. september 1980, bls. 30.

¹⁶ Einar Pálsson, Silfrið frá Miðhúsum. *Morgunblaðið* 21. ágúst 1994.

¹⁷ Samtal við Guðjón E. Long 11. nóvember 1994; stuðst er við skráða frásögn Helga Þorlákssonar frá 13. nóvember sem gerð er eftir minnispunktum hans; Lilja las frásögnina skömmu síðar og gerði engar athugasemdir. Guðjón vildi ekki tala inn á band. Helgi talaði við Guðnýju í síma 13. nóvember 1994 og skráði helstu atriði jafnharðan og tók síðan saman frásögn um samtalið samdægurs og er stuðst við hana. Hann ræddi aftur við Guðnýju í síma 19. júní 1995 og innti hana nánar eftir nokkrum atriðum. Sjá samantekt í vörslu Þjms.

¹⁸ Ás, sálmaregistur 1845-1899. Á Þjskjs.

Við höfum ekki fundið neitt sem gæti staðfest þessa sögu um silfurtaþann á Miðhúsum. Sagan er í sjálfri sér ekki ótrúleg; hitt er hins vegar ótrúlegt að Jónína hafi erfð silfur með víkingaaldarlagi eins og því sem er á munum í silfursjóðnum sem fannst á Miðhúsum.

Sjóðurinn , skýrsla og önnur gögn sótt til Hafnar. Samtal við rannsakendur

Við undirrituð fórum til Hafnar 27. júní til að sækja sjóðinn og fylgigögn, taka við skýrslu um rannsókn sjóðsins og ræða við þá sem unnu að rannsókninni. Gögnin og skýrsluna fluttum við heim að kvöldi sama dags.

Við komuna á danska þjóðminjasafnið lásum við skýrsluna og áttum síðan tal við höfunda hennar, þau Lars Jørgensen safnvörð og forverðina Birthe Gottlieb, sem vann að málmgreiningu, og Peter Henriksen sem kannaði smíðatækni sjóðsmuna. Stjórnandi rannsóknarinnar, Lars Jørgensen, starfar við þjóðminjasafnið danska sem fornleifafraeðingur á sviði víkingaaldar og miðalda. Hann hefur einkum sinnt yngri járnöld. Loks er að nefna Birgitta Hårdh sem kannaði formgerð sjóðsmuna; við hittum hana ekki enda er hún starfandi við háskólann í Lundi. Álitsgerð hennar lá hins vegar fyrir og birtist sem hluti af heildarskýrslunni.¹⁹

Meginniðurstaða þessara sérfræðinga er sú að sjóðurinn í heild sinni sé ósvikinn víkingaaldarsjóður með einni undantekningu, hringur sem hefur verið tölumerktur sem nr. 3 (sbr. grein Þórs Magnússonar í *Árbókinni*) er talinn geta verið yngri (er lengst til vinstri á forsíðumynd þessarar greinargerðar). Vissa eða sönnun liggur þó ekki fyrir. Tæknileg atriði benda til að hann geti verið frá þessari öld eða hinni síðustu ("eftir iðnbyltingu", orð Jørgensens í samtali) en silfrið í hringnum er sams konar og silfrið í sjóðnum að öðru leyti, sem bendir til víkingatíma. Samkvæmt þessu er hugsanlegt að einhver seinni tíma maður hafa brætt upp silfur frá víkingatíma og reynt að smíða grip í stíl víkingaaldar. Ályktarorð Jørgensens um rannsóknina fylgja hér með í íslenskri þýðingu (fskj. 3).

Í samtali okkar við Danina kom fram að rannsóknin hefði orðið umfangsmeiri og tímafrekari en þau ætluðu í upphafi enda hefðu þau ma. leitað álits ónafngreindra sérfræðinga á ýmsum atriðum.

Þau gátu ekki fallist á að sjóðurinn gljáði neitt sérstaklega eða einkennilega, þegar við færðum þetta í tal, og sýndu okkur silfurgripi frá víkingaöld með svipaðan gljáa að þeirra mati og höfðu þó ekki verið hreinsaðir í 20-30 ár. Þau bentu á að silfrið frá Miðhúsum hefði verið í umbúðum og hreinsað rösklega eftir fundinn, síðan hefði það verið

¹⁹ Skýrslan nefnist, *Sølvaktten fra Midhus, Island. Analyser af metallegeringer, fremstillingsteknik og typologi*. Nationalmuseet 1995.

handfjallað eitthvað og stuðlaði þetta að því að ekki félli á það.²⁰ Loks gæti gerð silfurs skipt einhverju um hversu mikið félli á það.

Jarðvegssýnin frá Miðhúsum höfðu ekki verið könnuð sérstaklega þar sem gljáinn þótti ekki rannsóknarefni og auk þess var jarðvegur á gripunum svo lítill að samanburður við jarðvegssýnin var ekki mögulegur.

Beinin sem segir að fundist hafi á Miðhúsum haustið 1980, eftir að silfrið fannst, höfðu ekki verið rannsökuð. Við fluttum beinin og jarðvegssýnin með okkur heim aftur og einnig leifar af ætluðum umbúðum sjóðsins.

Nefna má að í samtalinu við Danina taldi Jörgensen að silfrið í sjóðnum hefði vafalaust verið gjaldeyrir síns tíma, hringarnir fyrst og fremst verið ætlaðir til greiðslna og ekki endilega verið ætlað að notast sem skartgripir. Menn hafi síðan höggvið af gripunum eða bætt við þá til að fá fram viðeigandi þyngdir.

Athugasemdir um tæknileg atriði og framsetningu efnis í skýrslu Dana
Fram kom í samtali okkar við Danina að þeir hefðu ekki sagað eða klippt af nokkrum hlut sjóðsins né eytt neinum gögnum í rannsóknar skyni og hefðu hvorki hreinsað né þússað silfrið.

Til skýringar á skýrslunni er þessa kannski helst að geta (hér er farið eftir upplýsingum frá Jörgensen):

- a. EDAX merkir Energy Dispersiv X-Ray Analysis (EDXA er lesið EDAX). Henriksen auglýsir eftir slíkri málmkönnun í skýrslu sinni (bls. 5) að svo miklu leyti sem snertir lóðningar í tengslum við hring nr. 3 og Hárdh bendir á að æskilegt sé að kanna þær sérstaklega. Slík könnun fór fram eins og sést á sjö öftustu síðum skýrslunnar. Í lóðningunum kemur fram sama hlutfall málmblendis (hlutfall Ag (silfurs) og CU (kopars)) og í silfrinu að öðru leyti og jafnframt í óvéfengdu víkingaaldarsilfri (sjá hundraðshlutföll (%) í hverju tilviki).
- b. XRF er líka röntgenathugun sem gerir kleift að fara dýpra ofan í yfirborð málmhluta en unnt er með EDAX. Tilgangurinn er líka að kanna hlutföll málmblendis (hlutföll kopars, gulls, sinks, blýs ofl. á móti silfri) og bera saman við dæmigert sterlingsilfur í nútíma. Í XRF-könnun koma hins vegar ekki fram hin léttustu grunnefni en það gera þau í EDAX-könnun.
- c. Principal Component Analysis er stærðfræðileg greining; staðtölulegar niðurstöður hennar koma fram á meðfylgjandi grafi; silfurhlutar með sams konar hlutföll málmblendis lenda á sama stað í grafinu.

²⁰ Henriksen segir í skýrslu sinni að sjóðsmunir hafi verið "rengjort særdeles omhyggeligt af finderens eller museums-personale" (s. 8). Fram kemur í skrifum Þórs Magnússonar að finnendur skoluðu af silfrinu.

Fáeinar ályktanir

Niðurstaðan í skýrslu danska þjóðminjasafnsins verður að teljast allólík meginniðurstöðu Graham-Campbells sem taldi að fjórir hringar (nr. 1-3 og 5) og tvær stangir (nr. 12 og 23), alls 306,84 g, væru frá nútíma; hringur nr. 3 vegur einn sér 28,61 g samkvæmt niðurstöðum Graham-Campbells.

Þór Magnússon taldi að hring nr. 3 fylgdu tvö brot og hafði allt í sama númeri með heildarþyngdinni 34,42 g; Graham-Campbell taldi að aðeins annað brotanna hefði tilheyrt hringnum og þyngdartala hans er væntanlega miðuð við þetta. Hárdh telur ósannanlegt hvort brotin tilheyra hringnum og þau Henriksen og Gottlieb hafa ekki getað skorið úr um þetta.²¹

Engin leið virðist vera út frá fyrirbyggjandi gögnum að tímasetja með nákvæmni hvenær sjóðurinn var lagður í jörðu ásamt með hring nr. 3. Sjóðurinn hefur legið í jörðu um skeið sem sést á því að í honum fundust "animaliske fibre", dýrahár, sem eru sömu gerðar og efni það sem fannst með sjóðnum og telst vera leifar umbúða. Þær hafa því verið gerðar úr skinni, að því er virðist. Leifar umbúðanna reyndust of litlar til að unnt væri að tímasetja þær með geislakolsgreiningu (C 14), hvað þá AMS-greiningu.²²

Á gripunum fundust leifar jarðvegs og óhreinindi og sker gripur nr. 3 sig ekki úr að þessu leyti.

Kristján Eldjárn, fyrrverandi forseti og þjóðminjavörður, var staddur á Héraði þegar sjóðurinn fannst; hann mun hafa farið austur 30. ágúst en tilkynnt var um sjóðfundinn 31. ágúst.²³ Kristján lýsir athugunum sínum á segulbandi og segir þar ma.:

Þetta var yndisleg ferð og mjög einkennilegt að þessi silfursjóður skyldi finnast þarna einmitt á meðan ég var þar og hefur mörgum þótt það harla einkennilegt og næstum því ekki einleikið.²⁴

Niðurstöðurnar benda til að sjóðurinn hafi ekki verið lagður í jörðu sérstaklega í tilefni af komu Kristjáns.

Reykjavík, 29. júní 1995


Helgi Þorláksson


Lilja Árnadóttir

²¹ Hér mætti kannski benda á til íhugunar að forn eyrir telst hafa verið um 27 g.

²² Ekki kom til umræðu í samtali við Danina hvort efnasamsetning jarðvegs á fundarstað geti veitt vísbendingar um varðveisluskilyrði umbúðanna.

²³ Sbr. fyrrnefnda dagbók Þórs Magnússonar frá 3. september 1980.

²⁴ Ummælin eru frá 3. september 1980, tekin upp eftir að Kristján var kominn aftur suður til Reykjavíkur. Á sömu snældu er að finna viðtöl hans við Eddu Björnsdóttur og Hlyn Halldórsson, skömmu eftir að tilkynnt var um sjóðsfundinn. Á Þjms.

Viðhengi um ætlaðan silfurtapa á Miðhúsum

Silfrið á Jónína að hafa erft eftir Guðnýju Oddsdóttur, móðursystur sína (svo Guðný Þórarinsdóttir), eða Solveigu Oddsdóttur, móður sína (svo Guðjón). Solveig dó að sögn árið 1877 en Guðný, systir hennar, andaðist hins vegar árið 1895; hún var þá ekkja en hafði verið í vinnumennsku um skeið, ásamt manni sínum, á bæjum í Ássókn og fylgdi þeim fóstursonur.²⁵ Ekki er neitt að finna í skiptabókum Norður-Múlasýslu um þau Guðnýju og mann hennar.²⁶

Fólk Jónínu í móðurætt átti töluvert ættarsilfur, að sögn Guðjóns og Guðnýjar. Guðjón erfði silfurskeið sem á eru grafnir stafirnir TGS og SSD og eiga það að vera fangamörk Túniss og Solveigar, langafa og langömmu Jónínu í móðurætt, og gætu verið grafnir um 1810-15 þegar þau munu hafa tekið saman. Við undirrituð sáum skeiðina og eins þjóðminjavörður sem telur að hún geti verið mun eldri en fangamörkin, blaðið hafi smíðalag sem bendi helst til 17. og 18. aldar en grafið jurtaskraut á bakhlíð þess sé yngra, væntanlega frá sama tíma og fangamörkin.

Ennfremur segir Guðjón að Anna systir sín hafi erft nælu eftir móður þeirra. Að sögn Guðnýjar fékk Matthea, móðir hennar, gyllt silfur á upphlut eftir móður sína og einnig silfureyrnalokka sem hún lét smíða úr nælu og ennfremur átti hún silfurkapsel; Guðný telur að silfrið sé í förum Önnu systur sinnar; Lilja kannaði málið og heimsótti Önnu Þórarinsdóttur 26. júní 1995. Hún sá næluna sem gerð var úr eyrnalokkum og var þar ekki að finna víkingaaldarlag. Anna kvað dóttur sína í Keflavík eiga upphlutsmillur af líkri gerð og nælan en þetta höfum við ekki kannað.

Guðjón dvaldist með föður sínum á Miðhúsum fermingarárið, að eigin sögn. Hann var þar veturinn 1917-18; þá var faðir hans ekill og var í vinnumennsku á Miðhúsum.²⁷ Guðjón segir að faðir sinn hafi sagt sér rækilega frá silfurtapanum þegar þeir voru samtímis á Miðhúsum. Þetta var mikið silfur, eftir því sem Guðjón hefur eftir föður sínum. Á ferð sinni frá Staffelli til Seyðisfjarðar áði Jónína á Miðhúsum og skildi hest sinn og hnakktösku sína með silfrinu eftir við túnvegg og fór heim á bæ. Miðhús voru þá, að sögn, fjölsóttur áningarstaður í þjóðbraut. Þegar Jónína kom aftur að túnveggnum, var taskan horfin með öllu silfrinu. Þannig er saga Guðjóns og Guðný segir hana mjög líkt; helst munur er að hún heldur að silfrið hafi verið í einhverjum poka eða umbúðum í hnakktöskunni og hafi horfið í þessum umbúðum en ekki hnakktaskan enda hafi hvarfið ekki uppgötvast strax. Guðný bætir við að mikið hafi verið leitað og talið hafi verið að silfrinu hefði verið stolið.

Tvö blöð voru gefin út á Seyðisfirði um aldamót, Bjarki og Austri, og segir þar stundum frá töpuðum hlutum en ekkert kemur fram í þessum blöðum á árunum 1898-1902 um silfurtapa á Miðhúsum.²⁸

Sennilegt virtist að haft hefði verið samband við sýslumann; til greina komu bæði sýslumaður á Eskifirði og Seyðisfirði þar sem Miðhús eru í Suður-Múlasýslu en Seyðisfjörður í Norður-Múlasýslu. Leitað var í skjalasöfnum sýslumanna á Þjóðskjalasafni, bæði í bréfadagbók Norður-Múlasýslu, lesið nákvæmlega yfir árin 1899 og 1900 og registur sömu bókar kannað fyrir árin 1898 og 1901-4 og eins í bréfadagsbók Suður-Múlasýslu, lesið nákvæmlega yfir árin 1897-1901 og kannað

²⁵ Guðný fæddist árið 1842, sbr. Kirkjubær, ministerilabók 1816-1849. Hún var á Ekkjufelli árið 1890 með manni og fóstursyni, en síðan ein á Birnufelli. Hinn 26. nóv. 1895 dó Guðný Oddsdóttir á Birnufelli, sem er væntanlega hin sama þótt tilgreindur aldur komi ekki heim og saman. Sbr. Ás, ministerilabók 1817-1900 og sálanregistur 1845-1899. Á Þjskjs. Helgi Þorláksson kannaði.

²⁶ Kannaðar voru Skiptabók Norður Múlasýslu 1889-1899 og Skiptabók Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar 1900-1918. Sjá *Skrá um skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna I* (1973), N-Múlasýsla VI, 15-16. Á Þjskjs. Helgi Þorláksson kannaði.

²⁷ Hjaltastaðir, sóknarmannatal 1895-1919. Á Þjskjs.

²⁸ Helgi Þorláksson og Gróa Finnsdóttir, bókavörður Þjóðminjasafns, könnuðu blöðin.

registur fyrir árin 1902-6.²⁹ Ekkert kom hér fram við þessa leit um tapað silfur á Miðhúsum.

²⁹ Sjá *Skrá um skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna I* (1973). S-Múlasýsla I, 36 = K2, Bréfadagbók 1897-1901. N-Múlasýsla: Skjalasafn Norðurmúlaþings I,17, Bréfadagbók 1898-1914. Á Þjskjs. Gróa Finnsdóttir kannaði.

Fylgiskjöl

1. Bréf Helga Þorlákssonar og Lilju Árnadóttur til Olafs Olsens, þjóðminjavarðar Dana, dags. 17. október 1994.
2. Bréf Lars Jørgensens safnvarðar til Lilju Árnadóttur og Helga Þorlákssonar, dags. 17. nóvember 1994.
3. Ályktarorð [samin af Lars Jørgensen safnverði]. Úr skýrslunni *Sølvskatten fra Midhus, Island. Analyser af metallegeringer, fremstillingsteknik og typologi* (1995). Bls. 12-13. Íslensk þýðing



Reykjavík, den 17. oktober 1994

Danmarks rigsantikvar
Olaf Olsen

Undertegnede Lilja Árnadóttir, museumsleder på Islands Nationalmuseum og Helgi Þorláksson, udvalgsmedlem, samt docent i historie ved Islands Universitet, er af kulturministeren blevet anmodet om at kontakte en nordisk arkæologisk institution for at bede om assistance, idet der er blevet fremsat begrundet mistanke om, at den sølvskat (653,5 g), der i 1980 blev fundet ved gården Miðhús í Østlandet, ikke i sin helhed stammer fra vikingetiden, som antaget, men at en del af den er yngre.

Vi henvender os til Danmarks Nationalmuseum p.g.a. Deres omfattende kendskab til den islandske vikingetid og den faglige viden, som museets arbejdere sidder inde med på dette område. Vi vil anmode Dem om at De og Nationalmuseet vil påtage Dem undersøgelsen af det fundne sølv. Islands Nationalmuseum vil afholde udgifterne hertil.

Anledningen til dette er, at der opstod en mistanke om, at en del af nævnte sølv ikke stammede fra vikingetiden, og på foranledning af det nu fratrådte kulturministeren blev sølvet undersøgt af professor James Graham-Campbell ved Institute of Archaeology, University College, London. I sin rapport af 11. juni d.å. påpeger professor Graham-Campbell, at mistanken ikke er ubegrundet og anbefaler en nærmere undersøgelse af sølvet (se vedlagte rapport fra Graham-Campbell).

Det skal nævnes, at de islandske forskere, der foretog den analyse af sølvet, som Graham-Campbell henviser til, anser analysen for at være ufuldkommen og de afgav ikke nogen formel rapport om deres konklusioner.

I henhold til museumsloven fratrådte nævnte kulturministeren den 30. juni d.å., men inden sin fratrædelse fremførte rådet over for Islands Kultur- og undervisningsministerium argumenter for en yderligere undersøgelse af sølvet på ministeriets vegne. Ministeriet afslog dette og har overdraget det nye kulturministeren at sørge for "at man med yderligere videnskabelige undersøgelser skaffer de sikrest mulige oplysninger om sølvets alder". Fra ministeriets side tager man ikke stilling til, hvilke specialister inden for området man bør henvende sig til, men mener at der kan blive tale om specialister i Norden.

Den 1. juni d.å. tiltrådte rigsantikvar Þór Magnússon sin stilling igen, efter to års orlov. Som bekendt undersøgte han i sin tid sølvet sammen med præsident Kristján Eldjárn. De rejste begge til stedet, hvor sølvet blev fundet og undersøgte alle omstændigheder omkring fundet. I Árbók Hins íslenska fornleifafélags for 1980 publicerede rigsantikvarens så en artikel om fundet og her fremkommer der ingen mistanke om bedrag i forbindelse med fundet. På det nye kulturministerens anmodning afgav rigsantikvaren en rapport om sagen på rådets møde d. 29. sept. d.å. Her understregede han vigtigheden af en ny undersøgelse af sølvet:

*Ved en fortsat undersøgelse af sølvskatten fra Miðhús, bør man bl.a. se på følgende punkter:

Med kemisk analyse må det afgøres, om metallet i væsentlig grad adskiller sig fra andet sølv, der som regel er til stede i fund fra vikingetiden.

Man må undersøge, om der i dette sølv findes noget metal, der var ukendt i vikingetiden.

Man må undersøge, om der i udenlandske fund fra vikingetiden findes genstande i samme stil eller med samme udseende som de genstande fra Miðhús-fundet, som regnes for mistænkelige, eller man må finde ud af, om deres stil er meget forskellig fra andre genstande fra den tid.

Man må undersøge, om der i udenlandske fund findes enkelte genstande uden pendant i samme fund og undersøge, om der er opstået nogen mistanke i forbindelse med sådanne genstande.

Man må undersøge, om der på sølvet findes utvetydige spor der taler for, at der ved deres fremstilling er blevet brugt værktøj, der ikke fandtes eller blev brugt i vikingetiden*.

For os er det af største vigtighed, at De sammen med Nationalmuseets medarbejdere påtager Dem at undersøge sølvet eller tilkalder specialister i den udstrækning det måtte være nødvendigt og har overopsyn med opgaven. Det er dog nødvendigt for os at udgifterne til undersøgelsen skal være overkommelige.

Hvis De ikke ser Dem i stand til at påtage Dem opgaven, vil vi være taknemmelige for oplysninger om en nordisk institution der er egnet til den.

Vi håber, at De kan påtage Dem dette og venter at få Deres anvisninger og forslag om sagens behandling i et brev til undertegnede, adresseret til Islands Nationalmuseum.

I al fortrolighed
Med mange venlige hilsener


Helgi Þorláksson


Lilja Árnadóttir



Thjóðminjasafn Íslands
att. Museumsleder Lilja Árnadóttir
Docent Helgi Thorlákson
Sudurgata 41
101 Reykjavík, ISLAND

OLDTID OG MIDDELALDER

FREDERIKSHOLMS KANAL 12
DK-1220 KØBENHAVN K
TLF +45 33 13 44 11
FAX +45 33 47 33 12

København d. 17/11 1994

Kære Lilja Árnadóttir og Helgi Thorlákson

Som jeg skrev i vor fax af d. 10/11 vil jeg på vegne af Rigsantikvar Olaf Olsen sige tusinde tak for jeres henvendelse vedr. sølvskatten fra Midhús i Østlandet – det er en stor tillids-erklæring.

Det vil som sagt være yderst beklageligt for skandinavisk arkæologi, hvis Prof. Graham–Campbel antagelser er korrekte. Nationalmuseet vil naturligvis derfor meget gerne medvirke til en afklaring af de pågældende tvivlsspørgsmål omkring dele af skattens ægthed.

Vi vil derfor foreslå, at der iværksættes et undersøgelsesprogram omfattende følgende analyser af sølvskattens indhold:

1. Røntgenfluoresensanalyser af alle genstande med henblik på legering og sporstofindhold. Herved kan afklares, om der optræder afvigende legeringer eller atypiske sporstoffer i de mistænkelige genstande. Foretages af Nationalmuseets Bevaringsafdeling.
2. Røntgenfluoresensanalyser af 10 norske og danske hals- og armringe fra vikingetid, samt moderne sterlingsølv med henblik på komparative analyser af ovennævnte. Foretages af Nationalmuseets Bevaringsafdeling.
3. Makroundersøgelser af værktøjsspor på de islandske og danske/norske genstande fra analyserne 1–2. Foretages af Nationalmuseets Bevaringsafdeling.
4. Makroundersøgelser af forarbejdningsfrakturer på især de snoede ringe med henblik på fremstillingsteknik. Vikingetidens snoede ringe blev fremstillet ved en teknik, som efterlader karakteristiske makrofrakturer i overfladen. Disse vil måske ikke optræde på eventuelle nyere genstande. Foretages af Nationalmuseets Bevaringsafdeling og OMA.
5. Undersøgelser af genstandene ved Dr. Birgitta Hårdh, Lund og Lars Jørgensen, NM. Supplement til Prof. James Graham–Campbels undersøgelser.

Vi mener, at denne række undersøgelser med sikkerhed vil kunne klarlægge, om der i fundet skulle indgå nyere genstande. Desværre er der visse omkostninger forbundet med analyserne, hvilke beløber sig til DKK 17.800, jvf. vedlagte budget. Vi håber ikke, at denne udgift vil forhindre en fortsættelse af undersøgelserne. Iøvrigt mener vi, at projektet er spændende – selvom årsagen er yderst beklagelig – og vi ser frem til et godt samarbejde med Islands Nationalmuseum.

Lad os venligt vide, om vi skal iværksætte dette, og eventuelt hvornår skatten kan overføres til Danmark.

de bedste hilsner

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Lars Jørgensen', followed by a horizontal flourish line.

Lars Jørgensen
museuminspektør

BUDGET

Røntgenflourosensanalyser v/Birthe Gottlieb, 35 t á 190 DKK	6.650 kr
Undersøgelser af værktøjsspor v/Peter Henriksen, 35 t á 190 DKK	6.650
Rejse og ophold for Birgitta Hårdh, 2 døgn	2.000
Overhead	2.500
IALT	17.800 kr

Sølvskatten fra Midhus, Island. Analyser af metallegeringer, fremstillingsteknik og typologi. Nationalmuseet 1995. Bls. 12-13.

Ályktarorð [samin af Lars Jörgensen safnverði]

Eftirfarandi verður ályktað að lokinni greiningu:

Málmblendið í hinum greindu hlutum sýnir að þeir eru gerðir úr silfri sem er að samsetningu sams konar málmblendi og er í óvæfengjanlegu víkingaaldarsilfri, samanber "principal component" greininguna og viðhengi 1. Ekki hefur því komið í ljós málmblendi sem bendir til að notaðar hafi verið nútímagerðir þess. Í greiningunni sem kennd er við "principal component" skilur nútímasilfur sig skýrt frá flokknum sem í eru íslenska silfrið og samanburðarsilfur frá víkingatímum og miðöldum, bæði frá Danmörku og Noregi. Í þessu sambandi skal lögð áhersla á að eftirfarandi athugasemd J.G.-C. [James Graham-Campbells] (skýrsla hans, s. 4): "The silver samples from rings nos 3 and 5 ... display the same low copper content, with an absence of zinc, consistent with modern sterling silver" getur **ekki** haft almennt gildi. Greining m.a. á arabískri silfurmynt frá 9. og 10. öld leiðir þannig í ljós að til eru myntir án sinks (sbr. McKerrell & Stevenson: *Some Analyses of Anglo-Saxon and Associated Oriental Silver Coinage*, s. 209, tafla V). Vöntun sinks má því **ekki** líta á sem vott þess að silfrið sé frá nútíma. Á sama hátt má benda á að innihald Cu [kopars] í óvæfengdu víkingaaldarsilfri (og Miðhúsasilfri) getur haft jafnlágt gildi (2-5%) og nútímasilfur, samanber t.d. skýrslu Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar, s. 4 (greiningu F) og s. 6 (sýni 3) um 500 króna silfurpening þar sem Cu hefur mælst 4,6% og 5,97% og ennfremur viðhengi 2 (NM [Nationalmuseet] C 4417).

Ennfremur sýnir rannsókn formgerðar að heildarsamsetning sjóðsins er þeirrar gerðar sem er einkennandi fyrir Vestur-Skandinavíu, einkum Noreg. Þetta gildir þannig um hina umræddu hringa nr. 1 og 2 sem báðir eiga sér hliðstæður í norskum sjóðum. Undantekning frá þessu er þó hringur nr. 3.

Rannsókn á smíðatækni sýnir að næstum allir hlutirnir eru líklega gerðir í samræmi við þá tækni sem þekkt er frá víkingatímum. Eina undantekningin frá því er hringur nr. 3, þræðirnir í honum eru að öllum líkindum dregnir í nútímadraglöð ("i et moderne trækjern"). Sé td. borið saman við dregna þráðinn í litla hringnum sem er festur við nr. 4, sést að þráðurinn í nr. 3 er auðsæilega gerður með allt annarri tækni sem ekki verður sýnt fram á að sé að hætti víkingaaldar. Á hinn bóginn sýnir málmgreiningin að silfrið í hring nr. 3 er frá víkingatímum.

Þetta síðastnefnda hefur því miður í för með sér að líklegt verður að telja að í sjóðnum gæti handverkstækni sem er yngri [en sú tækni sem einkennir meginhluta sjóðsins]. Það verður því að teljast sennilegt að núverandi samsetning sjóðsins sé ekki hin upprunalega.

Auðvitað má setja fram ýmsar getgátur um hvað valdi framangreindri samsetningu sjóðsins og greiningin, sem gerð var, varpar ekki ljósi á. Verið gæti að sjóðurinn hefði fundist einhvern tíma áður en heimildir greina og eftir það hefðu verið gerðar tilraunir með að bræða silfrið og smíða úr því. Síðan hefðu hlutirnir verið grafnir að nýju. Hringur nr. 3 kynni að hafa orðið til með þessu móti. Líklegt er að þráðurinn í hring nr. 3 sé gerður af manni með þekkingu á silfursmíði.